

**Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs**  
**54. fundur, haldinn að Lyngási 12, 10. janúar 2013**

**Mættir:** Björn Ármann Ólafsson, Ruth Magnúsdóttir, Einar Kr. Haraldsson, Þórhallur Þorsteinsson og Jóhann F. Þórhallsson. Skúli Björn Gunnarsson boðaði forföll. Jafnframt sátu fundinn Agnes Brá Bragadóttir þjóðgarðsvörður og Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri þjóðgarðsins.

**Dagskrá:**

- 1. Dagskrá fundar og undirritun fundargerða**
- 2. Fjármál. Uppgjör 2012 - fjárhagsáætlun 2013**
- 3. Atvinnustefna – síðasti fundur stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs**
- 4. Starfið frammundan**
- 5. Næsti fundur**
- 6. Önnur mál.**

*Björn Ármann stýrði fundi og setti hann kl. 16.30.*

**1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerða**

Formaður fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerðar við hana. Undirritun fundargerðar frestað vegna forfalla ritara.

**2. Fjármál. Uppgjör 2012 – fjárhagsáætlun 2013**

Framkvæmdastjóri og þjóðgarðsvörður kynntu áætlaðar rauntölur 2012 og áætlun fyrir 2013. Heildarrekstrarkostnaður árið 2013 á Austursvæði er áætlaður 56.200 þús kr. Tekjur þjóðgarðsins á Austursvæði eru áætlaðar 8.500 þús kr. Áætluð niðurstaða er gjöld umfram sértekjur að upphæð 47.700 þús kr. Gert er ráð fyrir lítilsháttar aukningu í mannahaldi eða sem nemur 3 mannmánuðum. Alls er þá mannahald í þjóðgarðinum á Austursvæði um 8 og hálf mannár. Þjóðgarðsvörður kynnti verkefnalista yfir helstu framkvæmdir og fjárfestingar á árinu. Þegar hefur verið úthlutað til stærsta verkefnisins sem er kaup á Snæfellsskála. Auk þess eru á listanum sértækar framkvæmdir í Snæfellsstofu, Snæfellsskála, deiliskipulagsgerð, stígagerð, merkingar, skilti og bæklingar. Umræður meðal stjórnarmanna um tillögur að framkvæmdum. Svæðisráð Austursvæðis er sammála um að brýnast í öryggismálum er lagfæring á göngubrú yfir Volgu og að setja kláf á Blöndu við Geldingafell. Einar vakti athygli á því að engir fjármunir eru áætlaðir í viðhald slóða á Austursvæði. Framkvæmdastjóri svaraði því að verið væri að vinna með Vegagerð ríkisins að því koma veghaldi innan þjóðgarðs í farveg.

**3. Atvinnustefna – síðasti fundur stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs**

Fram kom hjá framkvæmdastjóra að vinna við atvinnustefnu er í fullum gangi og reiknað með að drög verði tilbúin í lok febrúar.

**4. Starfið frammundan**

Formaður kynnti að Árni Óðinsson, starfsmaður Landsvirkjunar, hefur haft samband varðandi kynningu á skýrslu um áfok sem nú er tilbúin. Stjórnarmenn sammála um að fá kynningu á skýrslunni á næsta fundi.

Rætt um opin kynningarfund í vor til að kynna það sem efst er á baugi, s.s. nýja atvinnustefnu og endurskoðaða verndarráætlun. Stefnt að fundi um miðjan apríl.

Rætt hvernig efla megi samstarf skóla við þjóðgarðinn. Þjóðgarðsvörður nefndi dæmi um samvinnu við skóla og ýmis verkefni sem eru í gangi og undirbúningi.

#### **5. Næsti fundur**

Bókaður næsti fundur fimmtudaginn 14. febrúar kl. 16:30 . Boðaðir á næsta fund verða Árni Óðinsson frá Landsvirkjun og Guðrún Schmidt frá Landgræðslunni til að ræða nýja skýrslu Landsvirkjunar um áfok.

#### **6. Önnur mál**

- a. Þjóðgarðsvörður gerði grein fyrir starfi nefndar sem skipuð var af ráðherra um stækkun þjóðgarðsins á Austursvæði.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.55.*

Björn Ármann Ólafsson

Ruth Magnúsdóttir fundarritari

Jóhann Þórhallsson

Þórhallur Þorsteinsson

Einar Kr. Haraldsson